

# Eins og örninn vekur upp hreiður sitt

---

Í 5. Mósebók lesum við í 32. kaflanum ellefta versió „Eins og örn sem vekur upp hreiður sitt og svífur yfir ungum sínum, útbreiðir vængi sína, tekur þá og ber þá á flugfjöðrum sínum.“ Sem utanaðkomandi aðili undraðist ég alltaf hversvegna Guð líkti arfleifð sinni við örn. Fyrsta Biblían mín var náttúran sjálf og ég elskaði hana. Þú sérð Guð í náttúrunni ef þú leitar Hans þar, því Hann er skapari hennar.

Ég sá þessa stóru fugla og vandist því að vera langdvölum uppi í fjöllum háu þar sem þeir halda sig. Ég rak nautgripi, var veiðivörður, en frelsaðist svo og fór að lesa Biblíuna. En það breytti ekki ást minni á náttúrunni. Ég elska óbyggðirnar og að fylgjast með því hvernig Guð stjórnar öllu í alheimi sínum. Arfleifð Guðs er líkt við voldugan örn. Ég hef lesið að í Palestínu séu 40 tegundir arna. Orðið örn merkir „sá sem fæðir með goggnum“, en það er falleg samlíking við það hvernig Guð fæðir börn sín á Orðinu af munninum sínum. „Maðurinn lifir ekki á brauði einu saman, heldur á sérhverju Orði sem framgengur af Guðs munninum.“ Hann er örninn sem fæðir arnarunga sína á Orðinu. Og við getum séð að Guð líkir oft spámönnum sínum við erni, og Hann líkir líka sjálfum sér við örn. Hann er örninn Jehóva og við erum arnarungar Hans, litlu arnarungarnir Hans. Og fæðir Hann okkur ekki með sínum eigin munninum? Jú, því maðurinn lifir ekki á brauði einu saman, heldur á sérhverju Orði sem fram gengur af Guðs munninum. Guð fæðir okkur, arnarungana sína, á Orði sínu. Sínu talaða Orði!

Oftsinnis hef ég notið góðrar máltíðar, borðað steik eða kjúkling, en aldrei hef ég notið veislufagnaðar á við þann sem Guð gefur okkur við sitt borð. Leyfum Guði að fæða okkur á sínu góða Orði því það er dásamleg fæða í munninum okkar og fyrir okkar innri mann. Það er skoðun mín að kirkjan í dag sé að svelta til dauða. Þegar við athugum andlegt ástand tímanna sjáum við ljóslega að ekkert getur komið í stað arnarfæðunnar. Aðeins raunveruleg fæða fyrir örn er fullnægjandi - og þar sem við erum ernir, verðum við að fá arnarfæðu, ekki félagslega samkomu eða kvöldverð í kirkjukjallaranum eða saumaklúbb, við þurfum arnarfæðu sem gefin er af munninum Jehóva - Hins Mikla Arnar.

Hinir tveir voldugu vængir arnarins eru táknið frelsunar. Þeir tákna líka Gamla og Nýja Testamentið. Annað sem við vitum um örninn er að hann getur svifið hærra um himinhvolfið en nokkur annar fugl. Þið hafið heyrt þá umsögn að einhver hafi haukfrán augu, en haukurinn er beinlínis sjónapur miðað við örninn. Haukur sér ekki hálfu vegalengd á við örn og ef haukur gerði tilraun til að elta örn upp í háloftin, myndi hann farast, því það er örninn sem er sérstaklega skapaður til að lifa í þeirri gífurlegu hæð.

Guð líkir spámönnum sínum við erni. Því hærra sem þið farið, því lengra getið þið séð. Ef þið ætlið ykkur að fara hátt og hafið ekki augu til að sjá lengra, þjónar það engum tilgangi að fara hærra! Svo alfarið þarf það að vera Guð sem lyftir okkur hærra og Hann gefur okkur jafnframt hæfileikann til að sjá lengra. Mér þykir sú staðreynd yndisleg. Því hærra sem þið farið því lengra getið þið séð.

Nú, ef við erum í líkingu arnarunga, þá liggur fyrir okkur að svífa sem ernir um víðáttur himinsins. Hafið þið séð aðra fugla fljúga svo hátt? Sjáið hvað gerist? Þeir munu fljúga á eftir erninum upp, eins og hann gerir, en þegar þeir eru komnir vel á loft, fara þeir að kvarta! Þeir finna að flug arnarins hæfir þeim ekki. Einn mun segja: „Ég þoli þetta ekki“, og annar mun kvarta yfir einhverju öðru. Og af hverju? Vegna þess að þeir eru hvorki byggðir fyrir slíkt flug né kallaðir til þess - þeir geta ekki flogið sem ernir. Þeir munu því fljúga beint til baka, til sinna köldu og dauðu kirkna og þar munu þeir deyja úr hungri. En ekki örninn - hann mun svífa áfram, hærra og hærra! Já, sjáið hvernig örninn svífur í vindinum! Hann stillir sína sterku vængi og svífur áfram. Það er mér að skapi að sjá slíkt flug. Og það er einmitt svona sem trúaður maður fer að. Hann hleypur ekki stað úr stað, Meþódisti þessa vikuna, hvítasunnamaður þá næstu. Hann setur traust sitt á Guð og svífur á braut, í yndislegum vindi Guðs. Ég ætla að segja ykkur frá reynslu sem ég varð fyrir í Colorado þegar ég var á veiðum þar:

Einn dag hafði ég verið á elgsdýraveiðum upp í fjöllum. Þetta var snemma á veiðitímanum. Snjórinn hafði ekki ennþá rekið dýrin niður úr hæðunum, svo ég varð að fara hærra en gróðurlínan lá. Það var ekki nokkur sál innan 70 mílna frá mér. Nautgripabóndinn hafði farið í allt aðra slóð og við höfðum talað um að hittast eftir fjóra daga. Ég batt hestinn minn þennan morgun og fór svo upp í fjöllin, þar sem ég hafði smalað nautum mörgum árum fyrr. Allt í einu fór að rigna! Ég leitaði skjóls við fallið tré og rigningin gekk yfir að mestu. Ég vissi að áfram yrði úrfelli um stund og það myndi élja, en svo færi sólin aftur að skína. Ég var orðinn nokkuð blautur, svo ég þurrkaði mér um andlitið og fór úr skjóli mínu við tréð. Ég stóð svo um stund þarna, þar til ég heyrði hljóð, langt í fjarska. Gamall úlfur var að góla og félagi hans svaraði honum neðan úr dalnum. Davíð sagði: „Eitt flóðið kallar á annað.“ Ég elska óbyggðirnar og þegar ég heyrði þennan gamla úlf góla og hinn svara, þá fannst mér eins og eitthvað í sjálfum mér byrjaði að kalla. Sólin var að gægjast á milli fjallanna í vestri, og þar sem hún var að síga til viðar, sendi hún geisla sína yfir sígræn trén, þar sem regndropar höfðu breyst í ísperlur og þar myndaðist fagur regnbogi. Einmitt í því heyrði ég til elgsdýranna sem ég var að elta. Stóri gamli elgstarfurinn gaf frá sér lúðurhljóð einhversstaðar langt inni í runnabeltinu. Og ég fór að gráta. Ég réði ekki við mig. Eitthvað í mér elskar náttúruna og þegar eitt flóðið kallar á annað, þegar fossar þínir duna (Sálmur 42:8), þá bráðna ég alveg. Ef eitthvað kallar á flóð, þarf flóð til að mæta því. Áður en ugginn myndast á baki fisksins þarf að vera vatn fyrir hann til að synda í. Áður en tré festa rótum í jörðinni þarf að vera jörð til staðar, annars yrðu engin tré! Fyrir nokkrum árum las ég um lítinn dreng sem borðaði skaf af blýöntum og móðir hans stóð hann að því að sleikja fótstig á reiðhjólum. Rannsókn hjá lækni leiddi það í ljós að sá stutti þjáðist af skorti á brennisteini. Ef eitthvað í þér krefst brennisteins, þarf brennistein til að svara því. Ef sköpun er til staðar hlýtur að vera Skapari á bak við þá sköpun! Það er ekki til sá maður eða sú kona sem fundið hefur fyrir Guði í lífi sínu og ekki þráð að eignast meira í Honum - Þið leitið eftir meiri hlutdeild í Honum. Ef í ykkur er löngun til þess að eignast meira af Guði inn í ykkar líf, þá hlýtur að vera meira af Guði fyrir hendi, því löngunin er af Honum gefin.

Ég sá liti regnbogans og það var eitthvað í mér sem vakti mér óróa. Ég gat séð Guð í regnboganum, ég gat séð Hann í sólarlaginu. Ég gat heyrt Hann kalla. Ég gat heyrt og séð Guð allsstaðar. Ef þú átt Guð innra með þér, þá sérðu Hann hvert sem þú lítur. En fyrst verður Hann að koma inn í hjarta þitt. Hann þarf að fá að breyta þér úr kjúklingi í örn. Hann þarf að fá að gefa þér löngun til að koma einhverju í verk! Þar sem ég stóð og virti umhverfið fyrir mér, heyrði ég í litlum furuikorna - þeir skapa mikinn hávaða og fara ekki vítt. Þarna var hann, sat á trjábút og þvaðraði látlaust. Ég hugsaði með mér: „Heyrðu

litli karl, hvað ert þú að gera?“ Í stormhryðjunni hafði hann séð stóran örn og leitað skjóls undir þessu fallna tré. Og síðan hafði þessi stóri náungi stokkið þarna út. Ég sagði: „Ó, ég skil, litli furuíkorni, af hverju þú ert svona æstur.“ En hann var ekki að fylgjast með mér. Hann var að fylgjast með erninum sem sat þarna skammt frá. Ég horfði á þá nokkra stund og hugsaði: „Drottinn, því beinir þú hugsun minni að þessu, hvaða lærdómur felst í þessu?“ Hér er lítill og gamall íkorni, ekki eyrisvirði. Og hér er gamall örn - það eina sem hann gerir er að fljúga um himininn. En, hugsaði ég, hversvegna á ég að fylgjast með þessu?“ Og þar sem ég horfði á örninn, sá ég að vængir hans voru á hreyfingu. Ég hugsaði: „Ert þú hræddur við mig? Ég er með ríffil hér, ég gæti skotið þig ef ég vildi.“ Ég greip ríffilinn og horfði í stóru augun sem beindust að mér, og vængirnir hreyfðust í sífellu. Ég hugsaði: „Já, ég sé hversvegna þú ert svona kjarkmikill, þarna er ástæðan fyrir því að þú ert ekki huglaus. Guð gaf þér tvo sterka og völduga vængi og þú treystir á þá.“

Ef við aðeins gætum tekið vængi þá sem Biblían gefur okkur, Guðs ritaða Orð, og treyst á þennan hátt á Orðið fyrir Heilagan Anda. Ef við aðeins hefðum slíkt traust til Orðsins eins og örninn hefur til vængja sinna. Hann vissi að í einni andrá gæti hann lyft sér yfir trén og verið úr skotmáli. Ég fylgdist með honum og brátt varð hann leiður á þessu og hóf sig til flugs, hann sveiflaði vængjunum um það bil tvisvar sinnum og vitið þið hvað? Hann þurfti ekki meira, hann vissi hvernig hann átti að stilla vængi sína, hann hélt þeim út og vindurinn hóf hann hærra og hærra. Ég stóð og horfði á eftir honum uns hann var aðeins örlítill depill í fjarska. Þá grét ég aftur. Þá fór mér að skiljast hvað í þessu bjó. Ef kirkjan vissi aðeins hvernig hún ætti að stilla vængi sína inn á fyrirheit Drottins og hætti að gleypa við hverri stefnu sem tíðarandinn flytur með sér! Málið er, að þið stillið vængi ykkar inn á fyrirheit Guðs og þá lyftir Heilagur Andi ykkur upp!

Hann lét þennan litla, gamla jarðbundna furuíkorna, sitja þarna með sitt þvaður - dagar kraftaverkanna eru liðnir, það er ekki neitt til sem heitir skírn í Heilögum Anda, þið eruð bara hópur fávita, þannig er það nú o.s.frv. En örninn fór bara, fór upp á hin hærri svið, skildi sig frá þessu þvaðri og gaf því engan gaum. Guð hjálpar okkur til að setja á okkur arnarvængina, öll hin dýrðlegu fyrirheit sem Hann hefur gefið okkur í Biblíunni. Það er ástæðan, vinir, að þið lifið ekki í fjötrum. Það er vegna þess að þið stillið vængi ykkar eftir fyrirheitum Drottins og fyrir trú lyftir Heilagur Andi ykkur upp!

Örninn vekur upp hreiður sitt, og ef það er einhver sem þorir að stilla vængi sína inn á fyrirheit Drottins í Orði Hans, þá mun Drottinn taka þann hinn sama frá því auma, óréttláta, óguðlega, eigingjarna lífi sem hann lifir og gefa honum frelsi og hamingju, gefa honum líf ofar synd, já, líf í skínandi andrúmslofti sem heimurinn þekkir ekki. Amen fyrir því. Ég man að eitt sinn var ég í dýragarðinum í Cincinnati í Ohio og var að fylgjast með erni sem nýlega hafði verið fangaður. Það er ein átakanlegasta sjón sem ég hef séð. Þessi stóri, himneski fugl hafði verið veiddur í net og fangaður og kastað í búr. Aumingja fuglinn var svo utan við sig, að hann kastaði sér af öllu afli á járnrímlana, sveiflaði vængjunum, en allt kom fyrir ekki, hann féll bara aftur yfir sig á bakið. Hann hafði gert þetta svo oft að hann var búinn að tæta af sér fjaðrirnar og höfuð hans var allt orðið skrámað. Meðan ég horfði á hann, gekk hann stoltur fram og aftur, uns hann varpaði sér aftur á rímlana og kastaðist jafnharðan á bakið. Svo lá hann um stund, þreytt augu hans horfðu upp í himininn og ég hugsaði með mér að slíkur fugl væri ekki skapaður til að vera niðri á jörðinni. Örninn er himneskur fugl og sköpun hans er öll miðuð við að hann geti svifið um háloftin, ofar þessum gamla heimi. Að sjá slíkan fugl, skapaðan til að svífa um himininn, liggja í fjötrum!! Skapaðan til að svífa, en fangaðan vegna slægvisku mannanna. Það er átakanleg sjón!

En systkini mín, það er auðvelt að fara út á göturnar í Chicago og öðrum stórborgum, og finna þar manneskjur sem voru skapaðar í Guðs mynd, skapaðar til að

verða synir og dætur Hins Almáttuga, og finna þetta fólk gjörbreytt vegna syndar og saurlífis, vegna hugarfars þessa heims. Það fólk er í miklu aumkvunarverðara ástandi en þessi örn var. Maðurinn var ekki skapaður til að vera í fjötrum. Maðurinn er skapaður til frelsis. Hann sem Sonurinn hefur frelsað er sannarlega frelsaður. Hann þarf ekki að búa við fjötra. Ó, það myndi taka mig marga klukkutíma að útskýra tilfinningar mínar, þegar ég hugsa um það hvernig menn hafa gjörbreytt og hvernig þeim farnast þegar þeir lifa ekki í þeim forréttindum sem Guð hefur gefið þeim. Maðurinn er skapaður í Guðs mynd og hann þarf ekki að vera þræll Satans. Guð skapaði manninn í sinni mynd - til að hann yrði sonur. Hann setti sál í hann og þorsta eftir Guði. Svo reynir maðurinn að slökkva þennan blessaða, helgaða þorsta með whisky, alkóhóli, tóbaki og ýmsum miður góðum lífsvenjum. Það er vanhælgun að reyna að stöðva þorsta eftir Guði með slíkum og öðrum leiðum. Maðurinn er bundinn af synd, ekki vegna þess að Guð vilji það, heldur vegna þess að hann kom sér sjálfur í þá stöðu af eigin vilja. Það myndi gera okkur gott að hugleiða líf arnarins, skoða hvernig hann er gerður og hegða okkur í samræmi við atferli hans. Ég trúí á Orðið. Það segir að örninn endurnýi kraft æsku sinnar. Það hefur verið skilið svo, að örninn endurnýi svo oft æskukraft sinn að hann verði beinlínis ungur aftur. Seinna hefur mönnum þó skilist að hann endurnýjar sig ekki þannig að hann verði ungur aftur, heldur gerist það að stundum líður honum svo skínandi vel, að hann hegðar sér sem ungur væri á nýjan leik.

Ég get líkt þessu við vakningu, þegar arnarungar Guðs, þótt þeir séu jafnvel orðnir aldraðir, finnast þeir ungir aftur, þegar vakningin kemur. Þeim fer að líða svo vel, að þeim finnst sem æskan sé komin aftur. Mér líður betur þegar ég veit af návist Guðs heldur en ég geri nokkur tíma annars. Nú, ef þið hugsið um þetta, þá sjáið þið hversvegna okkur er líkt við örninn með tilliti til þess að hann endurnýjast sem ungur væri. Fyrst vil ég nefna það, að hann er eini fuglinn sem getur verið útslitinn og nánast í andarslitrunum, en risið upp á ný og snúið til lífsins í nýjum krafti og svifið um himininn sem ungur væri. Nú, hversvegna líkir Guð okkur við örn? Ástæðan er þessi: Þegar þið eruð öll í rusli eins og við segjum oft, verður allt í einu vakning og þið endurnýist í Andanum. Ég hef upplifað vakningartíma og séð unga sem gamla gleðjast í Guði og endurnýjast, séð fólk dansa og fagna eins og hamingjusömum börnum er eðlilegt að gera. Ég hef séð fólk sem var bundið við hjólastóla og liggjandi á dánarbeði með krabbamein, en þegar Andi Guðs flæddi yfir með vakningu, þá endurnýjaðist það og sveif úr hjólastólunum og upp úr sjúkrarúmum í algleymis fögnuði!! Hinn mikli Drottinn okkar endurnýjar okkur - Hann endurnýjar heilsu okkar, Hann endurnýjar krafta okkar, Hann endurnýjar von okkar. Hann er stöðugt að endurnýja okkur. Sjáið því, kæru vinir, hversvegna okkur er líkt við erni. Við erum endurnýjuð í anda eins og þeir. Annað atriði vil ég líka að þið hugsið um og það er þetta: Arnarmóðirin byggir ekki hreiður sitt á jörðu niðri. Hún leitar að hæstu fjallatindunum. Arnarmóðirin byggir hreiður sitt á kletti, fæðir unga sína þar og einn dag ákveður hún að sjá til þess að afkvæmi hennar verði ekki eins og kjúklingar. Kjúklingur er fugl, alveg eins og örninn er fugl, en kjúklingurinn er jarðbundinn. Hann getur hoppað um og flögrað ofurlítið, en varla tekið fætur sína af jörðinni. Þetta minnir mig á hinn svokallaða kristindóm sem sumt fólk ástundar í dag! Sá kristindómur er rétt mátuleg trúarbrögð til að gera það fólk sem aðhyllist hann aumkvunarvert. Þið getið svo sem sagt að nöfn ykkar séu í bókunum, en hafið þið nokkur tíma svifið um hin hærri svið?

Örninn gerir aldrei hreiður sitt niðri á flatneskjunni. Hann byggir það eins hátt í klettum og hann getur. Hann er tákn þeirrar kirkju sem á sér Lifandi Guð. Þvílík blessuð forréttindi er að vita að Drottinn hefur falið okkur í skjóli klettsins á Golgata, langt frá ýlfri óvinarins, í fullkomnu öryggi. Já, þvílík forréttindi eru okkur gefin. Þarna hátt uppi í klettunum er staðurinn þar sem arnarmóðirin fæðir unga sína. Hún elur þá, annast um þá,

hátt uppi í klettunum þar sem úlfurinn kæmist aldrei. Staðurinn býr yfir öryggi. Ég er svo glaður yfir því að við eigum himneskan Föður sem vill, svo framarlega sem við leyfum Honum það, setja okkur á stað þar sem ýlfrið í djöflinum getur ekki angrað okkur, á stað þar sem freistingar vins og næturlúbba, allskonar dansstaða, geta ekki náð til okkar, á stað sem er miklu ofar hinum spilltu straumum þessa heims og blekkingum þeim sem þar viðgangast.

Nú, þegar arnarmóðirin býr til hreiðrið, nær hún í vínviðargreinar og sprek,lauf og allskyns trjábúta, villirósir og fleira. Hún er mjög gætin, því hún vill ekki að litlu börnin hennar stingi sig á villirósabyrnum eða verði fyrir öðrum óþægindum. Svo hvað gerir hún? Hún fer og leitar uppi lamb og drepur það, svo tekur hún lambs-skinnið og klæðir hreiðrið með því, fóðrar það með gærinni. Hún gerir þetta svo vel og af svo mikilli alúð, að hreiðrið verður mjög notalegur og indæll staður fyrir börnin hennar. Og þetta er einmitt það sem Guð gerir fyrir okkur, þegar Hann sér að við erum um það bil að endurfæðast. Hann gætir okkar á meðan á þjónustunni stendur og fylgist með okkur, hvernig við bregðumst við. Gleymum því ekki! Og Hann mun undirbúa hreiður fyrir okkur í ríki sínu því hann veit hvenær nýr örn fæðist í nafni hans. Og meðan Andi Hans helgar okkur í sér, takið þá eftir því hvað ykkur líður yndislega vel. Og áttið ykkur á stöðunni - er það ekki Guð, Lambið sem lætur ykkur þessa vellíðan í té, sem gefur ykkur þennan frið og þetta öryggi? Hann er Lambið sem býr okkur hreiður, býr okkur heimili! Lof sé Drottni!

Einmitt hér, vinir mínir, vil ég leggja áherslu á þetta atriði. Framar öllu metið Guð fyrir hið yndislega heimili sem Hann gefur ykkur. Munið, að það eru aðeins flón sem ganga þar á negldum skóm sem englar óttast að ganga. Ó, hvað það hryggir mig, að heyra ykkur sem börn Guðs kvarta og kveina. Skammist ykkar ef þið eruð sek um það. Og þið sem kallið aðra "holyrollers" eða ofstækismenn - skammist ykkar! Vitið þið ekki að þið gerið ykkur að flónum með slíku orðbragði. Ég skal segja ykkur eitt - aðeins flón kallar annan kristinn mann "holyroller" eða öðrum vanheiðrandi nöfnum og englarnir óttast jafnvel að hugsa slíkt, hvað þá mæla slíkt fram. En þið, fólk, sem komið á samkomu og kallið verk Guðs nafni Belsebubs - eða takið afstöðu sinnuleysis eða yppið öxlum og farið burt eftir eitt eða tvö kvöld - skammist ykkar! Vitið þið ekki að englarnir myndu ekki þora að segja nokkurn hlut á móti einum þjóni Guðs eða börnum Hans almennt?

Og á hverri samkomu sem haldin er, hefur Guð sett engla sína á vörð og þessir englar vaka yfir ykkur og varðveita ykkur öll meðan á samkomunni stendur og síðan er þeim boðið að fylgja ykkur heim og vaka yfir ykkur og öryggi ykkar. Og einmitt hér vil ég spyrja ykkur - eruð þið svona vakandi fyrir náunga ykkar, eruð þið svona vakandi á samkomum? Ó, hversu auðvelt gerir Drottinn okkur það að ganga með Honum!

Og nú skulum við huga að arnarmóðurinni aftur. Takið eftir því hvernig hún gætir litlu arnarunganna sinna, fylgist með hverri hreyfingu þeirra. Hún telur það sitt hlutverk, hún mun ekki láta þá falla út úr hreiðrinu. Og sjáið hvernig okkar mikli himneski Faðir vakir yfir ykkur - Hann lætur ykkur ekki falla. Örninn Jehóva gætir unganna sinna. Hallelúja fyrir því! Stundum hugsa ég að við myndum hálsbrjóta okkur á krafti Guðs, ef Guð gætti okkar ekki. Hann setur okkur takmörk. Hann heldur okkur í hreiðrinu og Hann breiðir sína miklu vængi yfir okkur, þegar Hann gerir það getur enginn skaðað okkur eða tekið okkur úr höndum Hans, úr Hans eigin hreiðri. Hugsið aðeins um það hversu hjálparvana þið voruð þegar þið voruð nýfrelsuð - en sjáið hvernig Hann hefur vakað yfir ykkur. Hann hættir aldrei að fylgjast með ykkur. Hvílik blessun er að vita það.

Arnarmóðirin er á verði þangað til arnarungarnir hennar eru alfiðraðir. Þegar hún telur að þeir hafi náð nægilegum þroska, hristir hún hreiðrið! Ég hef grátið þegar ég hef fylgst með þessu í gegnum sjónauka, Hún flýgur að hreiðrinu og sveiflar völdugum

vængjunum svo vindgusturinn stendur á ungunum. Allar lausar fjaðrir fjúka af þeim við þetta, enda er hún að undirbúa þá fyrir fyrsta einkaflug þeirra. Litlu arnarungarnir vita að eitthvað stendur til, vegna þess að þeir eru ernir. Þeir finna gustinn, öflugan vindblásturinn og hreiðrið hristist og nötrar. Móðirin gefur frá sér ákveðið hljóð, breiðir út vængina, og þessir litlu arnarungar vita það af eðlisávisun hvernig þeir eiga að taka sér stöðu á vængjum hennar, þeir koma fótum sínum fyrir og grípa með goggunum um stóra og sterka fjöður. Þá snýr móðirin stoltu höfði sínu við og lítur á afkvæmi sín á vængjunum, hún gefur frá sér hljóð því hún er gagntekin gleði. Ungarnir hennar þekkja sinn stað og hún byrjar flugið upp í háloftin. Hún fer eins hátt og hún getur, litlu arnarungarnir mögla ekki neitt. Þeir halda sér bara og fara um staði sem þeir hefðu ekki getað ímyndað sér að þeir ættu eftir að heimsækja. Og áfram líða þeir um loftin blá og þegar þeir eru hæst uppi, hristir hún þá af sér, uppi í háloftunum. Þegar hún gerir þetta, yfirgefur hún þá ekki, hún fer í stóran hring og fylgist náið með því sem gerist. Þarna eru þeir litlu! Þeir blaka vængjunum í fyrsta sinn. Þeir fara kollhnýs og snúast allavega í loftinu, en þeir flögra samt. Þegar þeir verða þreyttir, lætur móðir þeirra sig svífa undir þá og ber þá hærra upp á ný. Stundum nær hún einum með einum fæti og öðrum með öðrum fæti, og svo flytur hún þá hærra upp. Litlu arnarungarnir hafa engar áhyggjur, því að þeir þurfa ekki að treysta á eigið atgervi. Allt traust þeirra er bundið við stöðuga nærveru móðurinnar, þeir vita að hún vakir yfir þeim. Þeir taka þessu því með gamaldags Hvítasunnufögnum. Síðan þegar móðirin hefur lokið æfingunni með þeim og þeir hafa fengið alla sína skemmtun, breiðir hún út vængina sína stóru og þeir setjast á þá og halda í fjaðrinar með litlu goggunum sínum. Hún fer með þá og sýnir þeim eitthvað nýtt aftur, fer með þá niður á grænan stað. Þeir hafa aldrei sett fætur sína á slíkan stað áður, svo þeir stökkva af baki hennar og upplifa nýjan fögnuð. Þeir eru eins áhyggjulausir og frekast er unnt að vera, og eftir þessa upplifun þeirra fer móðirin með þá á flugi upp í klettana háu og þar sest hún og fylgist með ungunum sínum smáu. Enginn skyldi voga sér að gera þeim mein. Litlu ernirnir vita nú hvernig þeir eiga að setja fætur sína á vængi arnarins og halda sér í fjöður með nefinu. Guð segir þeim það og kirkja hins Lifandi Guðs veit hvernig hún á að halda sér í Orð Guðs og þessa miklu, sterku vængi frelsunar og treysta á sérhvert guðlegt fyrirheit þegar verulega blæs á móti. Þeir sem í kirkjunni eru vita hvernig þeir eiga að halda sér - þeir halda út vegna þess að þeir hafa eðli arnarins í sér. Arnarmóðirin snýr stoltu höfði sínu og sér afkvæmi sín á vængjum sér. Ég hef oft hugsað til þess hvað Guð mun gera, þegar Hann sér kirkju sína taka stöðu sína í Orðinu og krefjast hvers fyrirheits sem Hann hefur gefið. Guð mun þá horfa á hana með stolti og elska hana með sínum fullkomna kærleika. Sérhver meðlimur líkamans tekur stað sinn og stöðu, presturinn er á sínum stað, spámaðurinn á sínum stað! Þvílíkur dagur þegar Guð fær kirkju sína til að standa á Orðinu og kraftur Guðs kemur yfir hana og við fylgjum eftir alla leið á vængjum hins mikla arnar Guðs - Hins Mikla Heilaga Anda!

Þó arnarmóðirin svífi hærra og hærra, heyrir ekki nein kvörtun frá ungunum. Þeir hafa fast tak í fjöðrum hennar með nefi sínu og geta alls ekki kvartað. Og þannig er það sem Guð tekur kirkju sína, ef þið í raun og veru haldið í Orðið, þá kvartið þið ekki, þið haldið út í hverri reynslu alveg eins og litlu arnarungarnir gera. Hafi Guð gefið fyrirheit, mun Hann halda sitt fyrirheit, og því munu þeir halda út sem grundvalladir eru í Orðinu.

Eins og arnarmóðirin vakir yfir sínum eigin, eins vakir Kristur yfir okkur. Hann situr til hægri handar Guðs Almáttugs í ríkinu eilífa, og það skiptir engu hvað heimurinn segir og fólk hugsar. Eigið ykkar yndislega tíma og fagnid. Sjáið með sanni að Guð á hluti handa ykkur sem þið höfðuð ekki hugmynd um að væru til, komið því og verið með á fluginu.

Guð líkir spámönnum sínum líka við erni. Heilagur Andi hefur hrifið spámann með sér upp í víddir himinsins og sýnt honum margt sem verða á í framtíðinni. Hann tók Nahum í Gamla Testamentinu svo hátt að hann sá bifreiðarnar sem við höfum í dag og hvernig þær rekast saman á vegunum og hann sagði: „Vagnarnir munu æða um strætín, þeir rekast saman á hinum breiðu vegum, þeir eru sem kyndlar, þeir æða um sem eldingar.“ (Nahum 2:4). Páll var tekinn upp svo hátt, að hann sá síðustu daga, þegar menn verða sérdrægir o.s.frv.... (II.Tím.3:3-4-5). Páll sem Guðs örn sveif upp í ríki Guðs og sá allt þetta, sneri svo aftur til að vara okkur við. Drottni sé þökk fyrir það.

Þegar ég hugsa um erni og spámenn, þá verður mér hugsað til þess hversu hátt þeir fljúga miðað við vesalings jarðbundnu kjúklingana. Arnarmóðirin er ákveðin í því að afkvæmi hennar skuli ekki verða eins og jarðbundnir kjúklingar. Hún ætlar að sjá til þess. Kjúklingur getur að vísu verið bróðir ykkar í kirkjunni, en hann veit ekkert um himininn - hann hefur aldrei komist þangað upp. Og þessir gömlu kjúklingar í hlöðugarðinum húka við gömlu hreiðrin sín og klaka: „Það er ekkert til sem heitir guðleg lækning, það er ekkert til sem heitir að tala í tungum, það er ekkert til sem heitir skírni í Heilögum Anda...!“ Nú, hvernig vita þeir það? Þeir hafa aldrei yfirgefið hlöðugarðinn til að komast að því. Þeir hafa aldrei svifið um bláan himin Drottins, um hinar miklu andlegu víddir. Kjúklingurinn er að vísu fugl eins og örninn, en kjúklingurinn veit ósköp lítið um himneskt andrúmsloft. Þegar ég tala um erni, minnst ég bónda eins fyrir vestan sem setti arnaregg innan um mörg hænuegg. Þegar unginn kom úr egginu var það hin kyndugasta sjón að sjá hann. Allir “hinir kjúklingarnir” klökuðu og hann skildi ekki nokkurn hlut af því sem þeir voru að segja því hann átti sér annað tungumál. Ég vona að þið skiljið hvað ég á við? Hann fylgdist með þeim og hann vissi hreint ekki hvað hann ætti að gera. Hinir gogguðu allir í hann vegna þess að þeir voru sammála um að hann væri óeðlilegur náungi. Gamla hænagaggaði og litlu kjúklingarnir klökuðu, en örninn skildi ekki þetta mál. Hann fylgdist ekki með hinum því hann náði engum tengslum. Ég ætla ekki að segja meira um þetta, en ég vona að þið skiljið hvað ég er að fara, hvað ég er að tala um. Raunverulegt endurfætt barn Guðs hegðar sér ekki eins og fólk heimsins. Það fólk segir að vísu að það tilheyri kirkju, en þið skiljið ekki klak þess. Endurfætt barn Guðs er fætt sem örn og Guð þekkir sína!

Einn dag voru ungarnir úti í hlöðugarðinum og arnarmóðirin flaug yfir svæðið. Um leið og hún flaug hjá, féll hinn mikli skuggi hennar á hlöðugarðinn, hún leit niður og sá einn af sínu kyni. Hún gargaði til hans og um leið og hún gerði það, sneri sá litli höfðinu og fór að horfa upp á við. Þegar hann leit upp, hrópaði hún til hans: „Komdu, þú ert ekki kjúklingur, þú átt ekki heima þarna, þú tilheyrir mér!“ Litli örninn hugleiddi hvað hann ætti að gera, því þetta var raunverulega það sem hann vildi líka. Það getur verið að margir ernir séu að hlusta á mig, sem hafa gengið í langan tíma um einhvern safnaðarlegan kjúklingagarð. Ég vona að Guð kalli til ykkar og segi: „Þið tilheyrið mér!“ Arnarmóðirin kallaði til ungans: „Taktu fyrsta stökkið og notaðu vængina!“ Hann tók fyrsta stökkið og breiddi út vængina og fann að hann var ekki jarðbundinn lengur, vegna þess að hann var kominn upp á staur í girðingunni um hlöðugarðinn. En arnarmóðirin sagði: „Sonur, farðu hærra, taktu annað stökk og ég skal bera þig á vængjum mínum.“

Það sem kirkja hins Lifandi Guðs þarfnast, er að geta stokkið frá hindrunum trúarflokkanna, frá öllum þessum ólíku stefnum og skorið sig lausa úr þeim fjötrum. Hristitíminn í hreiðrinu er þegar kominn, en við þurfum að taka annað stökk. Við höfum þegar náð upp á staurinn í hlöðu-girðingunni, en við þurfum að vera frjáls og geta svifið á vængjum Drottins vors á fyrsta fluginu okkar. Ég er svo glaður yfir því að Guð á börn á öllum sviðum lífsins, sem vita þegar þau heyra guðspjallið í krafti Jesú Krists, að þar talar rödd Hans. Ég var sjálfur allur niðurnegldur með stóra safnaðarheild á bak við mig, en dag einn heyrði ég rödd að ofan. Hún kom ekki frá aðalstöðvum safnaðarins, ekki frá

safnaðarstjóranum, ekki frá djáknaráðinu eða frá biskupnum. - Ég heyrði hróp frá himnum! Hvílk áhrif sem það hafði á hjarta mitt - það gagntók mig! Vandinn er sá, að þessir hlöðugarðs-kjúklingar vita ekki yfir hverju þeir eru að klaka, þeir eru ekki ernir, þeir eru aðeins gamlir hlöðugarðs-kjúklingar sem hafa aldrei reynt kraft Guðs á nokkurn hátt. Þeir hafa aldrei verið læknaðir eða blessaðir af hinum Mikla Heilaga Anda, þeir hafa aldrei dansað eða grátið í Andanum. En örn - hann hefur allt þetta og jafnvel meira - hann svífur hærra og hærra inn í víðáttur himinsins. Einmitt hér vil ég undirstrika eitt við ykkur, Hvítasunnufólk, það er einfaldur sannleikur sem ég vil bera fram með annarri lexíu um örninn. Arnarmóðirin er mjög vitur - hún veit að unginn hennar getur ekki dvalið í hreiðrinu allt sitt líf. Hann þarf að komast úr því og læra að starfa og vinna á eigin fótum. Arnarunganum líður mjög vel í hreiðrinu, hann gengur um á lambsskinni og móðir hans matar hann hvern dag, hversvegna? Hann hefur ekki hugmynd um það, hann er nefnilega svo ánægður í hreiðrinu - eins og maður sem hefur nýlega fengið Heilagan Anda og heldur að hann geti rokið til og sett allan heiminn í bál og brand. En við vitum að hann getur ekki dvalið í hreiðrinu alla tíð og lifað eingöngu á blessunarorðum. Og þar komum við að vandamálinu sem hrjáir Hvítasunnukirkjuna! Hlustið á mig, Hvítasunnu-ernir! Þið dveljið of lengi í hreiðrinu. Athugið hvað hin mikla arnarmóðir mun gera - hún mun koma að hreiðrinu og með sínu volduga nefi mun hún byrja að tæta allt úr því sem gerir það mjúkt og þægilegt fyrir ungann hennar. Hún fleygir lambskinninu burt og kanínufeldinum og ífyllingunni og gerir hreiðrið svo nöturlegt, að litlu ernirnir geta ekki einu sinni kúrt sig niður - ef þeir gera það, stinga þeir sig á þyrnum eða brotnum greinum og nuddast jafnvel við grjót. Vitið þið, að Guð getur gert ykkur fús til að vinna verk? Það gerist í lífi margra okkar. Hann einfaldlega dregur út úr okkur það sem belgir okkur upp í velfiðruðum kirkjum okkar. Hann blæs þessu fiðri burt og brátt verðum við svo aum og fyrirlitleg, og ég held að ef Hvítasunnukirkjan hafi einhverntíma verið í slíku ásigkomulagi, þá sé það nú! Við höfum fódrað hreiðrin okkar afar vel, svo sannarlega höfum við gert það. En sjáið hvað Guð er að gera? Hann er vissulega að gera þau óvistleg. Hversvegna gerir Hann það? Hann er að gera ykkur fús til að vera viðbúin að yfirgefa kirkju ykkar og leita ykkar eigin köllunar - alveg eins og arnarmóðirin gerir hreiðrið að lokum svo óþægilegt að ungar hennar vilja ekki dvelja þar lengur og þeir fara úr því og svífa um himingeiminn eins og þeim er ætlað að gera. Guð hefur margar leiðir til að gera okkur fús til að fara út og fylgja Honum. Hann getur tekið ástvin frá ykkur, hann getur leyft veikindum að herja á ykkur. Hann verður að gera þetta vegna þess að þið eruð of fús til að hafa það gott í einhverri kirkju eða söfnuði, þegar það er verk að vinna! Hann vill ekki að þið lokið ykkur af í einhverju hreiðri alla ævina, án þess að þið einu sinni takið eftir því hversu vel Hann hefur útbúið það fyrir ykkur. Hann þráir að þið hafið löngun til að fara út úr því og gera meira en að vera blessuð í stöðu ykkar. Hann vill að þið starfið fyrir Hann - að þið séuð ernir og alið upp fjölskyldur sjálfir, að þið nærði aðra arnarunga. Arnarmóðirin kemur að hreiðrinu og tekur sér stöðu við það, áður en hún tekur litlu fjölskylduna sína í fyrsta sinn í flugferð. Hún sér að ungarnir hafa of margar lausar fjaðrir, svo hún fer að slá vængjunum miklu til og frá með ofsalegum krafti - og brátt fjúka lausu fjaðrinar burt úr hreiðrinu og senn eru þær allar horfnar frá ungunum. Í dag hefur hinn Mikli Móður-örn (Jehóva) tekið stöðu sína yfir Hvítasunnu-hreiðrinu og sveiflar þar sínum miklu vængjum af fullum krafti til þess að feykja burtu öllum lausu fjöðrunum, blása þeim burt úr kirkjunni! Hvítasunnukirkjan getur ekki flogið til Guðs fyrir tilstilli lausra fjaðra! Hversvegna, vegna þess að hún er orðinn staður þar sem þú getur ekki þekkt hvítasunnukonu frá nútíma, heimslegri kirkjukonu, - hún er stuttklippt, gengur í aðskornum fótum og málar sig. Hvað er að? Ég skal segja ykkur hvað er að. Of margar lausar fjaðrir!



Og þið menn sem prédikið í þessum tilgerðarlega Hollywood-stíl, skammist ykkar! Þið hljótið að vera fullir af lausum fjöðrum fyrst þið verðið að fljúga svo lágt og prédika á þann hátt sem þið gerið. Og þið, kirkju-meðlimir sem liggið yfir sjónvarpi - fjaðrir ykkar eru óskaplega lausar, þið hlustið á Arthur Godfrey og Elvis Presley og allt þetta óguðlega efni. Síðan undrist þið að þið skulið ekki geta farið á flug í Heilögum Anda. Þið undrist að Guð skuli ekki endurnýja gjafirnar til kirkjunnar. En ég skal segja ykkur hver ástæðan er - Guð sér enga móttækilega fyrir þessar gjafir! Þið lausfjöðruðu prédikarar sem boðið ekki sannleikann, skammist þið ykkar! Minnst aðeins þess, að ef þið ætlið ekki að dvelja áfram í gamla hlöðugarðinum með kjúklingunum, þá verðið þið að fara að sýna skynsemi. Hversvegna? Kjúklingurinn hefur ekki nægar fjaðrir til að komast frá jörðinni - og það er allur krafturinn sem þið í hvítasunnu-kirkjunum hafið. Ef þið gangið ekki fram í Drottni, þá eruð þið eins illa á vegi staddir eins og söfnuður sem aldrei hefur trúað á hina dýpri hluti í Guði hvort sem var. Kirkjan þarfnast flugs! Við þurfum að komast inn í óþekktar víddir, víddir sem ekki hafa áður náðst. Sættið ykkur ekki við gönguferð í hlöðugarði. Undirbúið ykkur fyrir það að svífa um víðáttur hins himneska ríkis. Takið Guð gildan í Orði Hans! Þið getið ekki gert það í gegnum smáreddur og kenningar og lausar fjaðrir! Látið eld þann brenna innra með ykkur dag og nótt sem gerir ykkur fær um að skilja að Guð er ykkar Guð og vill að þið fljúgið á Hans vegum inn í óþekktar víddir. Gerið ykkur grein fyrir því að Hann vakir yfir arfleifð sinni dag og nótt svo enginn plokki hana úr hendi Hans. Þið eruð arfleifð Hans, lofið Drottin! Standið upp, standið upp fyrir Hann!

Ef við stöndum upp og látum Drottin hreinsa frá okkur allar lausar fjaðrir, þá mun koma gnýr af himni eins og aðdynjandi sterkviðris, og við munum sækja fram eins og frumkirkjan gerði. Þið verðið að taka af skarið ef þið ætlið að fara inn í víddir þess himneska eins og ernir Guðs gera. Þið verðið að yfirgefa kirkju ykkar, ef hún vill ekki koma með ykkur. Þið verðið að yfirgefa allt og stökkva eins hátt og þið getið til móts við Hann. Þá mun Hann senda undir ykkur öflugan vind sem mun lyfta ykkur upp. Ég er ekki að segja ykkur að yfirgefa söfnuð ykkar eða litlu kirkjuna ykkar, ekki í þeim skilningi, en ég er að segja ykkur að leggja af stað á vængjum Drottins - að leita hærra upp! Ef þið hafið aldrei farið úr safnaðarhreiðri ykkar, þá er kominn tími til að fara út og hefja flugið í hinu óravíða ríki Guðs. Það er þá sannarlega kominn tími til þess að þið kynnist öllu því sem Hann hefur fyrirbúið ykkur og er að finna í ríki Hans. Það felst langtum meira í því, vinir mínir, en bara það að vera kirkju-meðlimur! Á sama hátt og örninn hristir hreiður sitt, hristir Guð stundum kirkjuna. Einmitt þegar við höfum öll samþykkt eitthvað, hristir Guð hreiðrið. Hann flutti Marteín Lúther burt úr kaþólskunni, síðan urðu mótmælendur svo stirðir og kreddufullir að Hann hristi hreiðrið og sendi Jón Wesley. Aftur fór á sama veg, svo Hann sendi Finney inn. Og nú er enn einu sinni hreiður-vakningar tími, því við höfum eins og svo oft áður bundið okkur föst. Drottinn sendir hinn volduga blásandi vind og feykir burt öllum lausu fjöðrunum. Þið getið ekki haft lausar fjaðrir, þegar þið eruð á flugi fyrir Drottin! Guð hristir hreiðrið og kemur inn með blásandi sterkan vind eins og Hann gerði á Hvítasunnudag og allar lausu fjaðrirnar fá að fjúka. Hann sendir Hvítasunnu-vakningu og hristir upp hreiðrið! Þegar þið sjáið þennan hristingartíma koma yfir, þá eru ernir tilbúnir að meðtaka blessun! Kirkjan er reiðubúin fyrir eitthvað! Við skulum stilla vængi okkar eftir fyrirheitum Guðs, eftir Orði Hans, og láta Heilagan Anda lyfta okkur upp í trú. Amen! Í gærkveldi var það lagt á hjarta mitt, að tala um fingurinn sem ritaði á vegginn og Guð blessaði okkur. Ég dáist að því hvernig Heilagur Andi opinberaði sig fyrir okkur um leið og Hann smurði mig til að tala og ykkur til að muna í gærkveldi, hvernig ég setti Babylon hina miklu sem tákn um þá Drottins hluti sem eru svo nálægir. Þið gátuð litið í Gamla Testamentið og séð að við erum í sömu stöðu og þeir sem sáu fingur Guðs skrifa á vegginn. Í dag, hér í Bandaríkjunum, eru sömu aðstæður fyrir

hendi og ríktu þá, siðalögmál okkar eru afskaplega lág og veikburða,við hellum í okkur áfengi og gerum konur að Guði okkar. Alveg það sama og þeir gerðu,gerum við í dag,og við vitum án vafa að okkar dagar eru einnig taldir. Við erum vegnir á metaskálum og léttvægir fundnir. Syndin er sú sama allsstaðar, á öllum tímum. Þið getið látið synd líta fallega út og hulið hana undir töfrandi skrauti, þið getið klætt hana upp, en hún er samt sem áður synd. Syndinni er dreift um allt, vegna þess að hún er látin birtast svo lokkandi í augum fólks hér í landinu okkar. Ég hugsa oft til þess hversu slæmur hlutur áfengi hefur orðið. Ég minnst þess sem drengur að áfengi var kallað “tunglskin” eða “Gamli Kalli Byggkorn”. Í dag er það í fallegum flöskum með lokkandi nöfnum og jafnvel í fegurstu litum, en það er samt sama gamla bruggið, brugg Djöfulsins! Og lítið á tóbakið! Fyrir mörgum árum tók amma gamla kannski kornpípuna og reykti úr henni þegar hún fékk tannpínu, en sjáið nú hversu vinsæll þessi djöfull er orðinn! Mæður, dætur og jafnvel lítil börn reykja í dag - og það er í tísku að gera það. En það er engu að síður synd - ómótmælanleg synd. Hún er bara falin undir öðru nafni. Það var talið rangt af fólki að spila fjárhættuspil og til að gera það þurfti fólk að fara á illræmda staði. En sjáið hvernig þetta er í dag! Konur hér áður fyrr gengu heldur þvert yfir götu og eftir þeirri hlið,en að fara fyrir kráardyr! En sjáið þetta nú! Inni á kránni setur nútímakonan fótinn upp á barborðsslána og skilur börnin eftir heima hjá barnapíu. Hún er orðin að barflugu í stað móður - það er vinsælla, meira í tísku!

En þetta er allt synd, hvort sem hún er vinsæl og í tísku eða ekki, og Guð hatar synd og Hann mun láta ykkur gjalda fyrir syndir ykkar vegna þess að Hann er Heilagur Guð og Heilagur Guð getur ekki umborið synd! Synd á skilið dauða, og þeir sem syndga eru þegar dauðir í misgerðum sínum. Þegar við horfum á allt það illa sem þjakar okkur í dag, getum við séð að rétt á lengdar, út við sjóndeildarhringinn, er að nálgast hinn mikli komandi dómur yfir þetta land, því Guð getur ekki leyft okkur að komast upp með synd. Hann væri ekki réttlátur Guð ef Hann leyfði okkur að lifa á þann hátt sem við gerum og léti okkur komast upp með synd. Hann mun láta okkur gjalda fyrir syndir okkar, og eins og ég sagði hér áður, ef réttlátur Guð himnanna leyfði okkur að lifa óáreitt í syndum okkar, þá yrði hann að reisa við Sódómu og Gómorru og biðja íbúa þeirra afsökunar á að hafa eytt þeim, því við erum jafnslæm og þeir voru - jafnvel verri! Sérhver sem hefur Anda hins Lifandi Guðs í hjarta sínu, hlýtur að finna heitan þytinn af komandi dómi sem brátt mun falla yfir þennan heim. Í anda ykkar getið þið greint og vitað að eitthvað er um það bil að gerast. Öll veröldin er skjálfaði og spennt, jafnt litlu þjóðirnar sem stóru þjóðirnar, því í höndum kommúnista, óguðlegra, illra, afvegaleiddra manna liggur vald sem getur breytt heimi okkar í öskuhrúgu á einni mínútu! Það eina sem hindrar þessa menn í að hefja gereyðingarstríð, er náð og langlyndi Drottins. Hann leyfir þeim það ekki!

Við verðum að minnst þess og vera þakklát Guði fyrir guðdómlega umhyggju Hans fyrir kirkju sinni. Við verðum að minnst þess! Við gætum orðið rússneskur fylgihnöttur fyrir næsta dag, en samt skeytum við engu og höldum áfram eins og ekkert sé. Veröldin er orðin svo taugaveikluð að jafnvel sálfræðingarnir sjálfir eru að fá taugaáföll. Mikilmenni vísindanna vita ekki hvað er að gerast - þau riða fyrir hinum illu áhrifum taugastríðs sem á sér stað í alheiminum. Sérhver borg, sérhver bóndabær, sérhver gata, sérhver staður verður fyrir hinu illa andrúmslofti myrkursins sem er miskunnarlaust að uppsvelgja jörðina. En Andans fyllt barn Guðs veit hvað er að gerast - það veit svarið - Drottinn mun brátt koma og Orð Guðs er að uppfylla sig með slíkum hraða að aðeins sannur, endurfæddur, Andans fylltur, af Andanum leiddur kristinn maður getur haldið sér uppi í heilu lagi á slíkum tímum. Heimurinn sveiflast til og frá, hann veit að eitthvað er að, en sér enga lausn vegna þess að hann hefur ekkert ljós sem getur leitt hann að lausn. Og þessvegna er rokkað og dansað í trylltum ham á svokölluðum skemmtunum, í því

augnamiði að gleyma og sleppa frá þeirri taugaspennu sem umlykur allt. Og þessar köldu, formlegu kirkjur sem hafa fallið frá til þessa (Hvítasunnukirkjur meðtaldar), eru að reyna að finna aðrar leiðir til að beina huganum frá þessu stöðuga áreiti illskunnar, vegna þess að þeim mistekst að fá svar frá Guði sem myndi opna lausnarleið fyrir þær. Heldur en biðja með gegnumbroti til Guðs, svo Hann ryðji burt illskunni sem þjakar heiminn og veiti lausn, vilja þeir njóta afslöppunar og horfa á sjónvarp, snæða kvöldverði og sækja saumaklúbba, æða um baðstrendur og staði heimslegra lystisemda, prédika um blóm og bláfugla. Þeir leggja algerlega til hliðar hin raunverulegu málefni og blessanir Guðs - þær staðreyndir að Hann getur læknað og framkallað kraftaverk og endurlífgað þá dauðu. Já, og um öll önnur sannindi hafa þeir orðið hljóðir og hætt að prédika um þau. Einmitt þegar þeir ættu að prédika um þessi efni af meiri krafti en nokkru sinni áður, þá segja þeir ekki orð!

Af hverju? Vegna þess að þeir eru fallnir frá! Í stað þess að biðja í gegn og halda fast við Guð, stöðvuðu þeir bænastundirnar, og þegar þeir gerðu það, urðu þeir að setja eitthvað í staðinn fyrir þær, svo sem félagslegan saumaklúbb eða golfvallarleik. Ef þið viljið virkilega forðast það illa í heiminum, þá þurfið þið að halda ykkur fast við Guð - ekki gefast upp! Staðan gæti verst verri en nokkru sinni fyrr, en ef þið haldið ekki áfram að biðja og leita Guðs, þá munið þið aldrei fá svar! Haldið ykkur að þeim sem helgaðir eru. Ef söfnuður ykkar hefur gefist upp og hafnar því að biðja og gefa gaum að fyllingu Guðs á þessum tíma, ef hann neitar að horfast í augu við nakinn sannleikann, þá ættuð þið hiklaust að yfirgefa kirkjuna ykkar, fara burt úr henni, og finna aðra sem heldur sig fast við Guð.

Í stað þess að biðja með gegnumbroti hættuð þið að biðja! Hvað er eiginlega að ykkur, þið veiklunduðu kristnu menn? Þið gáfuð eftir, dróguð gunnfána ykkar niður. Vissulega var það auðveldara að gefa eftir - ykkur fannst sem á ykkur lægi svo mikill þrýstingur frá heiminum. En þið munið sannarlega verða fyrir heilmiklum þrýstingi innan skamms og þið munið svo sannarlega fá að sjá að það hefði verið miklu auðveldara að halda sig við rétt mörk, halda gunnfáanum á lofti, í stað þess að þurfa að þola dóminn fyrir að hafa látið hann falla. Hafið þið nokkurntíma gefið ykkur stund til að hugsa um hinn dásamlega Jósef? Hvað ef hann hefði gefist upp og hætt að biðja þegar hann sat í dýflissunni? Hafi einhver maður átt rétt á því að hætta við Guð og gefast upp, vegna þess að hann virtist alveg gleymdur og yfirgefinn, þá var það Jósef! Honum var varpað í dýflissu fyrir að taka stöðu gegn synd. Hvernig gat Guð leyft að honum væri varpað í fangelsi þegar hann hafði sýnt svona mikið hugrekki og trú á staðfestu fyrir Drottin? Vissulega átti Jósef rétt á því að gera uppreisn og falla frá, inn í kalt, hlutlaust ásigkomulag eftir slíkt og þvílíkt! Hann hefði getað það, en hann bað og treysti enn og áfram á hið Yfirnáttúrulega og horfði fram til þess í trú að Guðs volduga hönd myndi leysa hann út! Hve margir af ykkur hvítasunnu Hollywood prédikurum myndu hafa haldið út eins og Jósef? Þrjú löng ár, í daunillri, grálúsugri dýflissu, með illa innrætta menn sem stöðugan félagsskap! Hugsuð um það, þrjú löng ár, en hann hélt sig fast við Drottin, hann hélt sig fast við bænina, hann var ekki ráðvilltur! Vikur urðu að mánuðum og mánuðir að árum, en samt leysti Guð hann ekki út. Ójá, hann hefði getað gefist upp, en nei, ekki hann Jósef - hann var endurfæddur, hann gat ekki gefist upp. Eitthvað innra með honum hrópaði eins og hjá Job: „Þótt Þú sláir mig, þá mun ég samt treysta Þér!“ Hann hélt út í þrjú löng ár, þá leiddi Drottinn hann með sinni voldugu hönd út í frelsið! Hann leiddi Jósef út með yfirnáttúrulegum en sýnilegum hætti og allar stundir eftir að Jósef kom úr dýflissunni var Andi Drottins með honum hvert sem hann fór. Ég sagði í kvöld, að ef kirkjan fengist til að biðja, já, biðja og þrjú, þá myndi hún rísa dag einn, því Guð mun þá leiða hana út með voldugri hönd sinni og íklæða hana krafti frá hæðum, eins og hann

gerði á Hvítasunnudeginum, og eins og Jósef mun þá kirkjan blómstra í landinu og Andi Drottins vera með henni. Verið trúir, frelsunin er í nánd, ég tala þetta til kirkjunnar og trúið mér sem Guðs þjóni - ég tala sannleikann!

Kirkja hins Lifandi Guðs getur þurft að ganga í gegnum reynslu nú um stundir, en endurfæddir synir og endurfæddar dætur, börn Guðs, eru nú leidd saman og fyrir áhrif Heilags Anda eiga þau að snúa sér frá heiminum og öllum fjötrum hans. Ég veit að við getum komist heil í öryggi frá öllu því illa sem mun falla yfir þennan heim, ef við höldum fast við Guð. En menn vilja ekki hlusta, jafnvel þótt viðvörunarorð Drottins hljómi sí og æ, menn vilja enn lifa í synd - og hinn kristni maður, að því er best verður séð, elskar að fíkta við heimslega hluti. Það er minni tími til stefnu en við höldum, en fjöldi fólks heldur að það sé nægur tími til alls. Ritningarnar segja hinsvegar allt annað. Jesús sagði: „Eins og það var á dögum Nóa og á dögum Lots, svo mun það verða þann dag er Mannssonurinn kemur.“ Við skulum líta á komu eyðingar og dóms eins og það mál gekk fyrir sig á dögum Nóa og Lots. Þeir tímar eru báðir tákn og dæmi varðandi þriðju tortíminguna í Orði Guðs. Áður en Guð kom að eyða Sódómu og Gómorru eða áður en Hann eyddi jörðina með vatni, sendi Hann raunverulegt náðarkall! Athugið hvernig Enok kom fram og prédikaði gegn synd - og Guð sendi líka engil og Hann sendi spámann sinn Nóa. En hvað gerðu menn? Þeir átu, þeir drukku og þeir byggðu. Þeir hugsuðu um vín, konur og söng. Þeir höfnuðu alfarið boðskap Enoks og Nóa, boðskapnum frá Guði! Sá boðskapur sem Enok og Nói fluttu, fól í sér Náð, Miskunn og Frelsun - en honum var hafnað og mennirnir syndguðu áfram eins og þeir gera enn í dag. Heimur þess tíma átti sína miklu lærðu menn og sínar miklu vísindalegu framfarir, og mennirnir settu traust sitt á sína eigin þekkingu, heldur en á Guðs Orð eða spámenn Guðs, svo þeir höfnuðu Guði - þessvegna - hafnaði Guð þeim í staðinn þegar flóð dómsins kom. Það flutti þann sem trúði í öryggið, en þann sem trúði ekki í dauða og þjáningar. Það var sama vatnið sem tortímdi þeim vantrúaða og lyfti Nóa til öryggis! Í dag er það fagnaðarboðskapurinn sem mun eyða þeim vantrúaða og flytja hinn trúða inn í ríki dýrðar og hann mun hrífa burt syni Guðs og dætur áður en dómurinn slær jörðina. Kirkjan mun verða flutt heil í gegnum það allt. Amen. Við reynum að flytja skilaboð hins Yfirnáttúrulega fyrir þá vitrun sem býr í hjörtum okkar og segir okkur að endatíminn sé í nánd. En nútímakirkjan hafnar því eins og skyldulið Lots. Fólk hlær og hæðist að hinum Yfirnáttúrulega alveg eins og skyldulið Lots hló og hæddist að Honum á sínum tíma. Ég hef líka tekið eftir því að hér eru nokkrir prédikarar sem vilja ekki prédika boðskapinn um nálæga endurkomu Hans - þeir vilja hlaupa yfir það mikilvæga efni eða segja fylgjendum sínum að það sé fyrir seinni tíma kynslóðir. En staðreyndin er sú og því trúi ég af öllu hjarta, að síðasta kynslóðin er uppi nú á dögum og því hefur Guð komið niður úr dýrð sinni til að skíra kirkjuna í krafti sínum.

Jesús sagði: „Farið út um allan heim og prédikið fagnaðarerindið til allrar veru.“ Og næsta vers: „Þessi tákn skulu fylgja þeim sem trúa.“ Lítið á þessa kynslóð og metið gildi hennar - hvaða önnur kynslóð hefur fengið þetta ljós og fært fram þessi verk Drottins frá tímum frumkirkjunnar? Frumkirkjan hafði þetta sama boðunarhlutverk, svo komu hinar löngu, dimmu aldir, og nú er endirinn í nánd og Orð Jesú eru sem brennd inn í hjörtu lýðs Hans á ný, því Hann sagði: „Farið út til allra þjóða og prédikið fagnaðarerindið til allrar lifandi veru, og þegar það hefur verið gert, þá mun endirinn koma.“ Getið þið ekki séð að kirkja Guðs er að íklæðast krafti eins og á framtíð sinni? Synir Guðs eru að ganga fram með boðskap Náðar, Miskunnar og Frelsunar og táknin sem Biblían talaði um fylgja þeim eins og þau opinberast í himnunum. Allir sem hafa einhvern vott af andlegu innsæi geta séð að þetta er kynslóðin sem á að uppfylla Orð Guðs. Lot var réttlátur maður samkvæmt Biblíunni, en syndir fólks hans og Sódómu skapraunuðu hans réttlátu sál daglega, á sama hátt og gerist í dag með hjörtu sannra Guðs barna. Lot hafði séð

spillinguna og misnotkun hins mannlega líkama, eiturlyfjasjúklinga, drykkjumenn og unga óeirðaseggi, en fólk Lots hæddist að honum og hlýddi ekki aðvörunarorðum hans. Ójá, ég get heyrt þau hlægja að Lot og segja: „Hvernig getur stórborg eins og Sódóma orðið fyrir tortímingu, með öllu veldi sínu og glæsibrag og framúrskarandi vísindalegum framförum?“ Og í dag er verið að segja það sama: „Hvernig getur heimurinn orðið fyrir eyðingu elds, hvernig getur hann liðið undir lok?“ Og þannig er talað sí og æ..... En, kærur vinur, ég skal segja ykkur hvernig hann mun líða undir lok - sama Orðið sem talaði heiminn inn í tilveru mun tala hann út úr tilveru - með Orði Guðs var heimurinn talaður inn í tilveru og með Orði Guðs verður hann talaður út úr tilveru! Guð veri náðugur minni vesælu, hrjáðu, blindu og aumu þjóð. Hún hefur orðið rík og vaxið að auðævum, en hún er nakin og allslaus frammi fyrir Guði og veit það ekki. Hve aumkvunarverð sjón er það!

Við skulum líta á það sem átti sér stað áður en Sódóma varð fyrir reiði Guðs. Ég vil að þið hugleiðið það, að Sódóma var eydd með eldi, og á tímum Nóa var veröldin eydd með vatni. Guð gerði samning við manninn og sagði að Hann myndi ekki eyða heiminum aftur með vatni, en Hann gerði engan samning við manninn varðandi eld - þess vegna getur Hann eytt heiminum með eldi án þess að brjóta Orð sín. Pétur postuli skildi þetta og talaði um það. Áður en Guð ætlaði að eyða Sódómu sendi Hann engil sinn til að vara Abraham við. Hvers vegna? Vegna þess að Abraham var maður sem lifði eftir Orðinu og hélt Orðið. Á þeim forsendum geta menn fengið engla í heimsókn - að þeir haldi Guðs Orð! Þrjár englar komu til Abrahams og sögðu honum, guðhræddum spámanni Drottins, að Guð myndi tortíma Sódómu. Skoðið ástæðuna fyrir heimsókn þessara þriggja engla - þeir komu með síðustu viðvörunina um tortíminguna. Og englarnir fóru frá tjaldi Abrahams og héldu áfram til Sódómu til að vara íbúana við yfirvofandi eyðingu. Sódómubúar svöruðu með því að hlægja að englunum og gerðu jafnframt tilraun til að gera þeim illt. Hversu líkt er það svokölluðum kirkjum heimsins í dag! Raunverulegur sendiboði frá Guði kemur í borg þeirra og það er reynt að valda honum skaða og særa hann í stað þess að standa með honum, styðja hann og styrkja, og gefa gaum að erindi hans.

En Biblían segir að menn muni verða svona, sérstaklega á hinum síðustu dögum: „Menn munu elska heimslega hluti, þeir munu verða sérgóðir, ofmetnaðarfullir, sviksamir, falskir ákærendur, fyrirlítandi þá sem gott vilja gera og góðir eru!“

Þið munið segja: „Bróðir, Branham, þú hlýtur að vera að tala um fólk sem er kommúnistar!“ En þetta fólk sem ég er að vísa til er ekki kommúnistar, það er svokallað kristið fólk, það hefur að yfirskini kristilega framkomu, en hafnar samtímis krafti Guðs, hafnar boðskap hins síðasta dags, hafnar hinum Yfirnáttúrulega, hafnar að taka tillit til Drottins!

Ó, en hvað það er blessað að hvíla í Drottni og að trúá, og að verða umbunað eins og Lot og Nóa, að vera útvalin vegna trúmennsku okkar og Náðar Hans, og komast þannig undan.

Hafið þið nokkur tíma lesið Orðið á þennan hátt varðandi Flóðið mikla? Áður en einn regndropi féll til jarðar, fór Nói inn í örkinu - og áður en einn eldhnöttur féll af himni yfir Sódómu, var Lot tekinn út úr henni! Og Jesús sagði, að eins og það hefði verið á dögum Nóa og á dögum Lots, svo myndi það verða á okkar dögum, við komu Mannssonarins. Fingur Guðs er að skrifa á vegginn: „Kirkja, Vaknaðu upp!“

Sé letrið þegar á veggnum, hversu nálæg er þá burthrifning kirkjunnar? Hugsið um það, - Nói fór inn í örkinu, í öryggi, Lot fór út úr Sódómu af sömu ástæðu. Annar fór út, hinn fór inn! Hvaða mynd er gefin með því? Nú, ég sé það fyrir mér í hjarta mínu þannig: „Þetta er táknið um kirkjuna á leið út úr heiminum í öryggi, hún er að fara inn í örk Krists til að sigla áfram til dýrðarinnar. Nói fór inn í örk öryggisins, og Kristur er Örk Öryggisins! Og munið það, að áður en haglið og myrkrið og dauðinn æddu yfir

Egyptaland, fór Ísrael leið sína til Gósen, þar sem var ljós! Menn og konur - hlustið á mig núna, áður en dagurinn kemur og þið eruð skilin eftir á jörðinni, í myrkri og undir dómi, hlaupið eins hratt og þið getið til þess að biðja um öryggi, - takið við Náðarboði Drottins! „Flýttu þér!“, sagði engillinn, „forðaðu þér, því ég get ekki aðhafst neitt fyrr en þú ert kominn út og óhultur!“ Dómurinn getur ekki komið. Rússland hefur eldflaugar sem geta lagt okkur á beð dauðans. Hvað er um það að segja, þjóðlega og andlega talað? Guð er að tala til kirkju sinnar: „Komdu til Mín, því Ég get ekkert aðhafst fyrr en þú ert komin út!“

Guð er að biðja eftir því að kirkja Hans brjóti af sér safnaðarhlekki og allt sem veldur aðskilnaði og komi öll saman, þannig að virkileg úthelling Heilags Anda geti átt sér stað, úthelling sem mun lyfta kirkju Hans til dýrðar. „Ég get ekkert aðhafst fyrr en þið komið til Mín!“ Við verðum að koma saman svo Hann geti sameinað okkur í einn líkama og hrifið okkur burt, áður en eyðing heimsins á sér stað. Hann er að sækja þig heim í dag, kirkja, með Miskunn og meðan Hann er hér, taktu við Honum og erindi Hans. Komdu til Hans, hafðu þig á burt frá þessum manngerðu Babyloníu-veggjum manngerðra sérsafnaða, hlauptu burt frá manngerðri guðfræði og kreddukenningum, hlauptu inn í miðju Náðar Guðs og hrópaðu þar á Miskunn, því það er Blóð Sonar Hans sem mun Frelsa þig!

Leystu þig frá þínu gamla efasjúka eðli, hjátrú þinni og hindurvitnum, taktu eftir og flýðu inn í miðja Náð Guðs og LIFÐU! Því ég segi við ykkur, að veggir manngerðra safnaða munu hrynja og farast með hinum vantrúaða heimi! En hinn réttláti Lot og hinn réttláti Nói voru teknir út, þeir voru varðveittir, og eins mun kirkja hins Lifandi Guðs verða tekin út og varðveitt. Ef þið eruð vakandi, þá munið þið ekki sjá eina einustu atómsprengju og ekki mun eitt einasta gereyðingarvopn koma nærri ykkur - þið munið verða örugg í Hinu Mikla Ríki Guðs! Finnið þið ekki hvernig Andi Guðs dregur okkur til sín, finnið þið ekki hvernig Hann reynir að leysa ykkur frá öllu sem er gert af mönnum í sofandi kirkju, svo Hann geti varðveitt ykkur með Lifandi Anda Sínum?

Blessaður sé Drottinn, Hann er að opna augu okkar, Hann er að vekja okkur! Við erum að koma fram, kæri Guð, endurlífgaðu okkur er við komum fram í þá stöðu, leiddu okkur heil heim til Þín, það sé bæn okkar allra í Jesú nafni. Amen.

Eftirmáli frá þýðanda :

Þessi grein er prédikun sem flutt var á sínum tíma af hinum þekktu bandaríska prédikara William Branham. Hún er í fullu gildi enn og boðskapur hennar mjög svo tímabær. Ég hef fundið mig knúinn til að þýða þetta efni og það er sannfæring mín að það geti orðið öllum til blessunar sem lesa það með opnu hjarta og vilja í undirgefni færa líf sitt að vilja Guðs, vilja leyfa Honum að feykja burt lausu fjöðrunum. Eins og greinin undirstrikar mjög skýrt erum við fædd til að vera ernir en ekki kjúklingar. Okkur er ekki ætlað að vappa um í hlöðugarði, okkur er ætlað að svífa um víðáttur himinsins, ómælanlegar víddir biðja okkar þar og við skulum því hefja augu okkar til fjallanna og vona á Drottin og þakka Honum fyrir þau dásamlegu fyrirheit sem Hann hefur gefið okkur í Orði sínu.

Lifið heil í Guðs friði.

Rúnar Kristjánsson,  
Skagaströnd.